

REGLUGERÐ

um gildistöku framseldrar framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 frá 26. mars 2020 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 495.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 14. nóvember 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilía Madeleine Heenen.